

**52. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
6. desember 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Alexander Eck áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1602157 - Samræmd könnunarpróf 2016-2017

Skólastjórnendur grunnskólanna kynna niðurstöður samræmdra könnunarprófa og viðbrögð skólanna við niðurstöðunum.

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir í 4. og 7. bekk í haust og hafa niðurstöður borist skólunum.

Farið yfir niðurstöður prófanna og þær ræddar.

Skóla- og frístundaráð telur mikilvægt að nýta niðurstöðurnar til að skoða styrkleika og áskoranir í skólastarfinu með það að markmiði að tryggja sem bestan árangur.

2. 1601266 - Menntamálastofnun - Lesfímiviðmið

Skólastjórar grunnskólanna kynna verklag við notkun á lesfímiviðmiðum Menntamálastofnunar.

Menntamálastofnun birti Ný lesfímiviðmið þ. 16. nóvember sl. en þau eru almenn viðmið um færni nemenda í lesfími sem er mæld sem rétt lesin orð á mínútu.

Hlutverk viðmiðanna eru að setja markmið fyrir nemendur í hverjum árgangi þannig að þeir verði undirbúnir fyrir kröfur á næstu stigum náms.

Stjórnendur grunnskólanna kynntu lesfímiviðmiðin og áætlanir um hvernig skólarnir fyrirhuga að nýta sér þau.

Skóla- og frístundaráð hvetur skólana til að nýta sér lesfímiviðmiðin með markvissum hætti og kynna þau fyrir foreldrum. Jafnframt óskar skóla- og frístundaráð eftir því að aðgerðahópur um læsi taki einnig mið af nýjum lesfímiviðmiðum í vinnu sinni.

Arnbjörg, Sigurður Arnar, Erla og Alexander viku af fundi kl. 17:15

3. 1610022 - Starfsemi leikskóla - sumarskóli 2017

Á 48. fundi skóla- og frístundaráðs var fjallað um fyrirkomulag sumarskóla leikskólanna á Akranesi og fjallað um greinargerð og tillögur leikskólastjóra. Fyrir liggur að taka ákvörðun um sumarskólann sumarið 2017.

Ingunn og Íris tóku sæti á fundinum kl. 17:15

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna með leikskólastjórum að tillögu að fyrirkomulagi starfsemi leikskólanna sumarið 2017 sem lagt verður fyrir fyrsta fund í janúar.

Ingunn og Íris viku af fundi kl. 17:40

4. 1602137 - Bæjarstjórn unga fólksins 2017

Ákvörðun um tímasetningu á fundi bæjarstjórnar unga fólksins.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins er haldinn árlega og var fyrirhugaður fundur þann 29. nóvember sl. Þeim fundi var frestað og leggur verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnamála til að bæjarstjórnarfundur unga fólksins fyrir árið 2016 verði 31. janúar 2017.

Skóla- og frístundaráð samþykkir þessa dagsetningu, 31. janúar 2017 kl. 17. Málinu er vísað til bæjarstjórnar.

5. 1608135 - Rekstur sumar- og leikjanámskeiða fyrir 6-10 ára börn á Akranesi 2017.

Fyrir fjórum árum var framkvæmd sumar- og leikjanámskeiða fyrir börn á aldrinum 6 - 10 ára boðin út. Skátafélagi Akraness var í framhaldinu falið verkefnið á forsendum langrar reynslu af sambærilegri starfsemi og hafa þeir starfrækt námskeiðin síðustu þrjú sumur. Skátafélagið hefur ekki hug á að taka verkefnið að sér sumarið 2017.

Heiðrún tók sæti á fundinum kl. 17:40

Skóla- og frístundaráð leggur til að Þorpið frístundamiðstöð sjái um framkvæmd sumar- og leikjanámskeiða fyrir 6 - 10 ára börn á Akranesi sumarið 2017. Framlag bæjarins til starfsins verður kr. 2.481.000. Skóla- og frístundaráð beinir jafnframt þeim tilmælum til verkefnastjóra æskulýðs- og forvarnamála og sviðsstjóra Velferðarsviðs að vera í samstarfi vegna barna og ungmenna, en Velferðarsvið hefur veitt stuðning í frístundastarfi fatlaðra barna og ungmenna með liðveislu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

*Sigríður Indriðadóttir
Rauk Óskarsdóttir
Sigrún Inga Guðnadóttir
Krisdim Hallur Sæinsson
Ástvaldur Ósk Ragnarsel.*